



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1416
komudagur 26.3.2010

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda). Þskj. 741 – 424. mál.

Landssamband fiskeldisstöðva (Lf) gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en vekur athygli 1. gr. a- og b-liða frumvarpsins og þess, að auka megi mögulegar tekjur af kvótaúthlutun úr byggðakvóta verulega og atvinnu með því að ráðstafa hluta byggðakvótans til áframeldis sé til þess tilefni.

Einnig óskar Lf að koma á framfæri að fyrirtæki í áframeldi hefur sóst eftir byggðakvóta frá sveitarfélagi þar sem starfsemin fer fram en því hefur verið hafnað á grundvelli þess að fyrirtækið hafi ekki hefðbundna fiskvinnslu á staðnum. Það er athyglivert því fyrirtækið;

- Gerir út bát í sveitarfélaginu til veiða á áframeldiskvóta
- er með eldi á staðnum
- nýtir hafnarmannvirkið á staðnum
- slátrar og slægir fiskinn á staðnum
- og er með niðursuðu á lifur á staðnum sem nýtir lifur frá eldis- og villtum fisk.

Byggðakvóti sem hagnýttur er til áframeldis skapar meiri atvinnu og verðmæti:

- Fiskurinn eykur verulega við þyngd sína í eldinu og þar með fleiri kíló sem fara í vinnslu.
- Veiðar á fiski í áframeldi taka lengri tíma og fleiri handtök og skapar þar með meiri atvinnu.
- Vinna við eldið sjálft, fóðrun fisksins og umhirða sjókvía er umtalsverð.
- Vinna við slátrun (flutning, blóðgun og slægingu) að loknu eldi verður meiri.
- Þegar fiskur er unninn fyrir dauðastirðnun fæst hærra meðalverð úr hverju kíló.
- Auðveldara er að nýta aukaafurðir úr eldisþorski en frá hefðbundnum veiðum.

Því er ljóst að notkun á byggðakvóta til áframeldis skapar beint meiri vinnu en hefðbundin hagnýting (veiðar og vinnsla) á byggðakvótanum. Auk þess sem margfeldisáhrif mælast meiri. Að endingu treystir öflugt áframeldi undirstöður fyrir aeldi til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Guðbergur Rúnarsson
Landssamband fiskeldisstöðva

Afrit sent Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra.